



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Umsögn send á: audur@hafnarfjorur.is

Hafnarfjörður, 16. júní 2025

Efni: Umsögn Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði um húsnæðisáætlun Hafnarfjarðarbæjar, mál nr. 1604079

Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði (hér eftir „MIH“) hefur tekið til umsagnar drög að húsnæðisáætlun Hafnarfjarðarbæjar sem barst MIH í tölvupósti dags. 10. júní. Stjórn félagsins fagnar því að sveitarfélagið skuli leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila við mótun umræddrar stefnu.

Húsnæðisáætlanir gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að byggja upp samfélög á skynsaman og stöðugan hátt. Þær veita mikilvæga yfirsýn, styðja við gagnaöflun og tölfraði, og eru lykilverkfæri við stefnumótun og húsnæðisuppbyggingu. Það er því ánægjulegt að sjá Hafnarfjarðarbæ leggja aukna áherslu á þessa vinnu. MIH fagnar þeirri þróun og hvetur sveitarfélagið til dáða í þessum mikilvæga málaflokki. Það er mat MIH að fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun sé vonduð og veitir greinargóða innsýn í fyrirhugaða fjölgun íbúa og áform um uppbyggingu í sveitarfélaginu. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá nákvæma yfirlitsskráningu um áætlað lóðaframboð, stöðu lóða í skipulagsferli og tímasetningar á næstu skrefum. Slíkt gagnsæi skiptir miklu fyrir uppbyggingaraðila sem treysta á raunhæfar áætlanir sveitarfélagsins í sinni starfsemi.

MIH vill vekja athygli á mikilvægi þess að húsnæðisáætlun sé hrint í framkvæmd á tilsettum tíma. Það stefnir í skort á byggingarhæfum lóðum fyrir fjölbýlishús í Hafnarfirði, sem getur haft verulega neikvæð áhrif á uppbyggingu og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Þá leggur MIH áherslu á að endurskoðun vaxtamarka hefjist sem fyrst, þar sem þau setja ónauðsynlegar skorður við vöxt og þróun íbúðabygðar á svæðinu. Slík vinna þarf að vera vonduð og vel ígrunduð og mun því taka tíma.

Stjórn MIH vill einnig undirstrika að félagið er ávallt reiðubúið til samtals um deiliskipulög sem eru í vinnslu. Það er mikilvægt að nýta þekkingu og reynslu byggingaraðila við mótun skipulags, ekki síst til að fyrirbyggja að samþykkt deiliskipulag þurfi að sæta umfangsmiklum breytingum í kjölfar samþykktar, sem því miður hefur oft reynst nauðsynlegt í fortíðinni.

Að lokum ítrekar MIH þakkir sínar fyrir það traust sem felst í því að fá að koma á framfæri ábendingum á fyrri stigum málsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar MIH,

Jón Þórðarson, formaður